



Fundargerð

77. fundur svæðisskipulagsnefndar höfuðborgarsvæðisins var haldinn föstudaginn 23. júní 2017 kl. 13:30 á skrifstofu SSH, Hamraborg 9, Kópavogi.

Mættir:

Reykjavík:

Hjálmar Sveinsson og Halldór Halldórsson

Kópavogsbær:

Ása Richardsdóttir

Hafnarfjarðarbær:

Borghildur Sturludóttir

Garðabær:

Sigurður Guðmundsson

Mosfellsbær:

Bryndís Haraldsdóttir og Ólafur Ingi Óskarsson

Seltjarnarnesbær:

Stefán Bergmann

Kjósarhreppur:

G. Oddur Víðison

Hreiðar Oddson, Bjarni Torfi Álfþórsson, Steinþór Einarsson og Eva Lín Vilhjálmisdóttir boðuðu forföll. Hrafnkell Á. Proppé svæðisskipulagsstjóri höfuðborgarsvæðisins ritaði fundargerð.

Formaður, Hjálmar Sveinsson, setti fund og stýrði.

1. Innkomnar ábendingar við vinnslutillögur breytingu á svæðis- og aðalskipulögum vegna Borgarlínu / málsnr. 1702003 / 1703004

Vinnslutillögur breytinga á svæðis- og aðalskipulagi sveitarfélaga voru auglýstar þann 30. maí og lauk formlegum umsagnartíma þann 20. júní. Haldinn var einn sameiginlegur kynningarfundur í Salnum Kópavogi. Einnig héldu tvö sveitarfélög, Hafnarfjarðarkaupstaður og Mosfellsbær, opna kynningarfundi. Ríflega 30 ábendingar hafa þegar borist, nokkrir aðilar hafa óskað eftir lengri fresti til að skila inn ábendingum. Gott er að fá ábendingar tímanlega í ferlið þannig að hægt sé að veita þær og meta áður en tillögur að skipulagsbreytingum eru mótaðar endanlega.

Umræður

Niðurstaða:

Svæðisskipulagsstjóra og fagráði er falið að tryggja að innkomnar ábendingar verði skoðaðar m.t.t. mótun skipulagstillagna. Mikilvægt er að bæta vel í kynningarmálin og tryggja að réttar upplýsingar um verkefnið verði öllum aðgengilegar.

Svæðisskipulagsnefnd hvetur skipulagsdeildir sveitarfélaga til að taka aukið frumkvæði í að útfæra skipulagstillögurnar. Mikilvægt er að sveitarfélögin útfæri ákvæði um gott yfirbragð byggðar sem er í takt við sérkenni hvers sveitarfélags fram í tillögum að aðalskipulagsbreytingum.

2. Verkefnislýsing vegna breytingu á svæðisskipulaginu Höfuðborgarsvæðið 2040: Breytt afmörkun vaxtamarka atvinnusvæðis á Hólmsheiði / málsnr. 1606002

Svæðisskipulagsnefnd tók jákvætt í beiðni Mosfellsbæjar um að hafin yrði vinna við breytingar á svæðisskipulaginu Höfuðborgarsvæðið 2040 með það að markmiði að unnt væri að stækka athafnasvæðið við Hólmsheiði til austurs. Verkefnisráðgjafi VSÓ hefur unnið verkefnislýsingu í samvinnu við skipulagsfulltrúa Mosfellsbæjar og svæðisskipulagsstjóra.

Ólafur Melsted skipulagsfulltrúi Mosfellsbæjar kynnti verkefnislýsingu.

Umræður.

Niðurstaða:

Svæðisskipulagsnefnd telur nauðsynlegt að í skipulagsvinnunni verði möguleg neikvæð áhrif á neysluvatn metin sérstaklega áður en endanlegar ákvarðanir um færslu vaxtamarka verða teknar. Í verkefnislýsingunni kemur fram að vinna eigi sérstakt áhættumat sem haft verði til hliðsjónar við mótun tillögunnar. Svæðisskipulagsnefnd samþykkir verkefnislýsinguna með þeim breytingum að mörk athugansvæðis verði minnkuð og skert verði á orðalagi um græna atvinnustarfsemi. Nefndin leggur til við aðildarsveitarfélögin að afgreiða hana til kynningar og umsagnar, sbr. 1. mgr.23. gr. skipulagslaga og 2. mgr. 6. gr. laga um umhverfismat áætlaða.

3. Auglýst tillaga að endurskoðuðu aðalskipulagi Garðabæjar 2016 - 2030 / málsnr. 1610005

Lögð er fram auglýst tillaga að aðalskipulagi Garðabæjar 2016 – 2030 til umsagnar.

Umræður.

Ása Richardsdóttir fulltrúi Kópavogs situr hjá við afgangi málsins.

Niðurstaða:

Svæðisskipulagsnefnd telur gott samræmi vera milli tillögu að aðalskipulagi Garðabæjar og svæðisskipulags höfuðborgarsvæðisins og gerir ekki athugasemdir við tillöguna.

4. Aðalskipulag Reykjavíkur: Stekkjarbakki. Verkefnislýsing vegna skipulagsbreytinga / málsnr. 1706004

Lögð er fram lýsing aðalskipulagsbreytingar skv. 1. mgr. 30. gr. skipulagslaga til umsagnar.

Fyrirhuguð breyting tekur til stofnbrautarkerfisins eins og það er sýnt á þéttbýlisupprætti aðalskipulagi Reykjavíkur en þar er gert ráð fyrir því að gatan Stekkjarbakki færir til norðurs. Breytingartillaga getur einnig tekið til legu stíga, eins og þeir eru settir fram á gildandi skipulagsupprætti. Í skipulagsvinnunni á að bera

saman tvo kosti, að hliðra Stekkjarbakka til norðurs og fjölga akreinum í fjórar líkt og núgildandi aðalskipulagsuppdráttur gerir ráð fyrir eða halda óbreyttri legu götunnar.

Í verkefnislýsingunni er vísað til umferðarspáa sem gerðar voru við vinnu aðalskipulags Reykjavíkur og svæðisskipulags höfuðborgarsvæðisins. Í því samhengi er rétt að minna á að gerðar verða nýjar umferðarspár fyrir höfuðborgarsvæðið nú í sumar í tengslum við mat á áhrifum Borgarlínunnar.

Niðurstaða

Svæðisskipulagsnefnd leggur til við Reykjavíkurborg að við mat á valkostum í skipulagsvinnunni verði horft til nýrrar umferðarspár sem VSÓ mun gera fyrir höfuðborgarsvæðið nú í sumar. Að öðru leyti gerir nefndin engar athugasemdir við skipulagslýsinguna.

5. Aðalskipulag Reykjavíkur: Kópavogsgögn. Verkefnislýsing vegna skipulagsbreytinga / málsnr. 1706003

Lögð er fram lýsing aðalskipulagsbreytingar skv. 1. mgr. 30. gr. skipulagslaga til umsagnar.

Fyrirhuguð breyting er til að samræma aðalskipulag Reykjavíkur við breytingar sem unnið er að á aðalskipulagi Kópavogs. Ástæða breytingar er að ekki er lengur talin þörf á Kópavogsgöngum í samgöngukerfi höfuðborgarsvæðisins, Reykjavíkurborgar og Kópavogsbæjar, sbr. þær athuganir sem unnar voru í tengslum við gildandi svæðisskipulag.

Niðurstaða:

Svæðisskipulagsnefnd leggur til við Reykjavíkurborg að við mat á áhrifum breytinganna verði horft til nýrrar umferðarspár sem VSÓ mun gera fyrir höfuðborgarsvæðið nú í sumar. Að öðru leyti gerir nefndin engar athugasemdir við skipulagslýsinguna.

Næsti fundur svæðisskipulagsnefndar verður föstudaginn 18. ágúst kl. 11:00.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 16:00.